

25. VERKEFÆRA-
september 2025
kl. 8.30-12.30
KISTA
PERSÓNUVERNDAR-
FULLTRÚANS
Reykjavík
Natura

MÁLÞING

ÆTLAÐ PERSÓNUVERNDARFULLTRÚUM

Persónuvernd boðar til málþings **25. september nk. á Reykjavík Natura** sem er ætlað persónuverndarfulltrúum fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga.

Tveir leiðandi erlendir sérfræðingar munu flytja erindi um helstu hættur og áskoranir gervigreindar fyrir persónuvernd, framkvæmd á mati á áhrifum á persónuvernd í tengslum við gervigreind og gervigreindarkerfi ásamt bestu aðferðum við áhættugreiningu slíkra kerfa. Þá mun sérfræðingur frá Persónuvernd fjalla um meðferð öryggisbresta innan stofnunarinnar.

Viðburðurinn er einstakt tækifæri fyrir persónuverndarfulltrúa til að efla þekkingu sína, fá leiðsögn frá sérfræðingum og tengjast öðrum í sama starfi.

Persónuverndarfulltrúum er bent á að fundarmenn þurfa að skrá sig á málþingið með því að senda tölvupóst á skraning@personuvernd.is

Dagskrá

- 8.30

Opnunarræða – Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar
- 8.35

Managing AI Privacy Risks: A practical approach with PLOT4AI
(fyrirlesturinn er fluttur á ensku)
Isabel Barberá, sérfræðingur í eftirliti með gervigreind og algrímum hjá hollensku persónuverndarstofnuninni
- 10.00

Kaffihlé
- 10.15

Hvernig tekst Persónuvernd á við öryggisbresti?
Bjarni Freyr Rúnarsson, sviðsstjóri Eftirlitssviðs hjá Persónuvernd
- 10.50

Kaffihlé
- 11.00

How to conduct a DPIA with practical guidance and examples across industries and activities (fyrirlesturinn er fluttur á ensku)
Giovanni Maria Riccio, prófessor í samanburðarlögfræði í háskólanum í Salerno og lögmaður og eigandi að E-Lex lögmannsstofunni í Róm
- 12.25

Samantekt og lok málþings

Fundarstjóri: Rebekka Rán Samper, lögfræðingur og verkefnastjóri hjá Persónuvernd



Isabel Barberá er sérfræðingur í eftirliti með gervigreind og algrímum hjá hollensku persónuverndarstofnuninni (Autoriteit Persoonsgegevens, AP). Hún er þekkt fyrir störf sín í gervigreind, öryggi og áhættustjórnun og vinnur jafnframt sem sérfræðingur hjá Evrópuráðinu og CEN/CENELEC, auk þess að vera meðlimur í ENISA. Isabel er jafnframt höfundur að PLOT4AI, sem er töl sem kannar og metur gervigreindaráhættu í forritum.



Giovanni Maria Riccio er prófessor í samanburðarlögfræði í háskólanum í Salerno ásamt því að vera eigandi að E-Lex lögmannsstofunni í Róm og starfa sem lögmaður. Hann hefur sérhæft sig í persónuvernd, gervigreind og stafrænni löggjöf og hefur m.a. verið ráðgefandi fyrir Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og Evrópuráðið. Hann er höfundur að rúmlega 100 birtum greinum og starfar sem persónuverndarfulltrúi fyrir margvíslega opinbera aðila jafnt sem einkaaðila.



Bjarni Freyr Rúnarsson starfar sem sviðsstjóri Eftirlitssviðs hjá Persónuvernd. Bjarni er með LL.M. gráðu í fjarskipta- og upplýsingatæknirétti frá Oslóarháskóla. Hann starfaði sem fulltrúi sýslumannsins á Suðurnesjum áður en hann hóf störf hjá Persónuvernd.



Málþingið er ætlað starfandi persónuverndarfulltrúum á Íslandi. Þátttakendum er bent á að nauðsynlegt er að skrá sig á málþingið með því að senda tölvupóst á skraning@personuvernd.is.